

Rangárþing ytra  
Haraldur Birgir Haraldsson  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella

Reykjavík, 27. júlí 2023  
UST202306-306/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 - Árbæjarhelli 2**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 22. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 fyrir Árbæjarhelli 2.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gangi út á að skilgreint verði 5,4 ha svæði fyrir íbúðarbyggð ÍB34 í Árbæjarhelli 2 undir átta lóðir og minnki landbúnaðarland sem því nemur.

#### **Fuglasvæði**

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið sé skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði. Því þarf að mati Umhverfisstofnunar að koma fram undir umhverfisviðmið í umhverfismatsskýrslu, hver sé stefna sveitarfélagsins í aðalskipulagi um vernd fugla og búsvæði þeirra á mikilvægum fuglasvæðum og undir matsspurningum komi fram hver áhrif breytinganna sé á fugla og búsvæði þeirra.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

***sérfræðingur***

Hulda Soffía Jónasdóttir

***sérfræðingur***